

Þú munt ekki trúa þessu!

Hvað eru smellibeur og hvernig geturðu forðast þær?

Netið er fullt af grípandi fyrirsögnum og svakalegum myndum sem eru til þess gerðar að vekja forvitni og athygli. Börn gera sér ekki alltaf grein fyrir því að það sem þú smellir á er ekki alltaf það sem þú færð. Í þessari lotu læra nemendur leiðir til þess að forðast smellibeur á netinu.

Markmið:

- Að skilja hvernig fróðleiksfýsni fólks er nýtt til þess að ná athygli með smellibeurum.
- Að nýta aðferðir til þess að forðast smellibeur.

Lykilhugtök:

Auglýsingar • smellibeur • fyrirsagnir

Kennsluáætlun 45 mínútur.

Upphitun: Á hvaða fyrirsögn myndir þú smella?

10 mínútur

1.

Sýnið smellubeiturnar á **glæru 4** og spyrjið: Á hvaða fyrirsögn myndir þú smella fyrst? Hvers vegna? Ræðið við bekkjarfélagið.

2.

Segið: Þessar fyrirsagnir eru allar smellibeur en við ætlum að kanna hvaða fyrirsagnir flestir myndu smella á fyrst. Ég ætla að lesa fyrirsagnirnar og þið réttið upp hönd þegar ég les þá sem þið mynduð smella á fyrst.

3.

Lesið hverja fyrirsögn og teljið atkvæðin. *Lesið svo aftur þá sem fékk flest atkvæði og spyrjið: Hvað varð til þess að þið völduð þessa?*

Biðjið nokkur nemenda um að segja frá sínu vali og útskýra hvað þau áttu von á að leyndist bak við hverja fyrirsögn.

4.

Útskýrið að allar þessar fyrirsagnir voru búnar til með það að markmiði að fá okkur til þess að smella á þær. Til þess er notað nokkuð sem kallast fróðleiksfýsni (Curiosity gap á ensku)

5.

Segið: Hugið um uppáhalds tónlistarfólkið ykkar. Hafið þið nokkurn tíma velt því fyrir ykkur hvenær þau eru fædd? Eða hverju þau hafa áhuga á? Af hverju haldið þið að við höfum áhuga á að vita þetta? Það er vegna þess að heilinn kann illa við að hafa eyður í upplýsingabankanum. Allar þessar fyrirsagnir miða að því að láta heilann halda að það séu eyður í vitneskju okkar um eitthvað ákveðið málefni.

Hvað er fróðleiksfýsni?

15 mínútur

1.

Dreifið ljósritinu *Forðumst smellibeur* og lesið fyrirmælin. Útskýrið að þau muni sjá dæmi um fyrirsagnir þar sem forvitni er notuð til þess að ná athygli ykkar.

2.

Lesið dæmi 1 upphátt, „Láttu vaða og spilaðu leikinn! Þú hefur gott af því!“

Spyrjið: *Hvernig reynir fyrirsögnin að vísa í eitthvað sem þú veist nú þegar? Ræðið við bekkjarfélagið.*

Gefið nemendum stutta stund til að ræða í pörum og deila svo með hópnum. Hvetjið þau til þess að taka eftir ákveðnum orðum í fyrirsögninni þar sem þau vísa í eitthvað sem þau þekkja. Látið nemendur skrifa svörin á meðan þau ræða.

3.

Spyrjið: Hvaða fróðleiksfýsni er reynt að svara hjá þér með þessari fyrirsögn? Hvers vegna fær hún þig til að langa að smella? Ræðið.

Gefið nokkrar mínútur til að ræða þetta og deila með hópnum. Hvetjið nemendur til að greina hvaða þekkingareyður er verið að reyna að veiða þau með. T.d. af hverju gæti það gert þeim gott að spila tölvuleiki? Látið þau skrifa svörin á meðan þau ræða saman.

4.

Látið nemendur ljúka við verkefnið (glæra 6).

Metið: Að forðast smellibeitur

15 mínútur

1.

Spyrjið: Fróðleiksfýsni (Curiosity gap) er gjarnan notuð til þess lokka fólk til þess að smella á fyrirsagnir eða myndir. Í sumum tilfellum eru þessar fyrirsagnir og myndir svokallaðar smellibeitur. Hvað haldið þið að orðið smellibeita þýði? Ræðið það við bekkjarféлага.

Gefið nemendum tækifæri til þess að ræða í pörum og deila svo með hópnum. Vekið athygli á því að orðið smellibeita er samsett úr orðunum **smella** (að velja og fylgja tengli á netinu) og **beita** (eitthvað sem notað er til að lokka fisk á öngulinn). Myndir og fyrirsagnir á netinu sem miða að því að lokka fólk til þess að smella eru líklega ætlaðar til þess að auglýsa eitthvað (glæra 7).

2.

Segið: Með því að fá ykkur til að bíta á öngulinn hjálpa smellibeiturnar auglýsandanum að græða meiri peninga. Ef margir smella á tengilinn fær

auglýsandinn meiri notkun á vefefnið og getur rukkað meira fyrir auglýsingarnar. Þá skiptir engu máli hvort sá sem smellir finnur það sem hann var að leita eftir.

Smellibeitur geta:

- Leitt ykkur á síður sem þið vilduð ekki fara á. Þetta getur verið bæði ruglingslegt og pirrandi!
- Hleypt tölvuveirum í tækin ykkar.
- Leitt til þess að upplýsingum ykkar verði stolið.

Þið ættuð því að forðast að smella á fyrirsagnir sem líta út fyrir að geta verið smellibeitur. Í stað þess gætuð þið leitað í leitarvélum að innihaldi fyrirsagnanna því upplýsingarnar má eflaust finna á öðrum síðum sem frekar eru traustsins verðar.

Dreifð ljósritinu *Forðumst smellibeitur* og segið: Það er oft erfitt að meta hvort fyrirsögn er smellibeita eða hvort hún leiði á gagnlegar upplýsingar. Hér eru nokkur atriði sem geta gagnast við að meta það. Skoðið ljósritið.

4.

Skoðið leiðbeiningarnar í 1. hluta og á **glæru 8**.

Vinnið fyrsta dæmið í sameiningu. Látið nemendur vinna í pörum og deila niðurstöðum sínum svo með hópnum. Því næst ljúka nemendur við það sem eftir er af verkefnunum.

5.

Biðjið nemendur að deila svörum sínum með hópnum. Notaðu eintak kennara til þess að styðja við svör nemenda.

Samantekt: Er þetta smellibeita?

5 mín.

1.

Lítið nú á hluta 2. Lesið fyrirmælin. Gefið nemendum nokkrar mínútur til þess að búa til eigin smellibeitu fyrirsögn og skrifa stutta skýringu á því hvers vegna

fyrirsögnin er smellibeita. Ef tími gefst geta þau teiknað eða fundið mynd sem passar við.

2.

Safnið saman ljósritunum og notið til að meta skilning nemenda.